

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
192. fundur – 25. ágúst 2014**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 25. ágúst 2014. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 191. fundar heilbrigðisnefndar frá 30. júní 2014 lögð fram.

Kópavogsbær tilkynnir með erindi dags. 18. júlí 2014 að Svanur Grejtarsson og Margét Júlía Rafnsdóttir hafi verið valin sem varamenn í heilbrigðisnefnd.

Samtök atvinnulífsins tilkynna með erindi dags. 2. júlí 2014 að Gnýr Guðmundsson hafi verið tilnefndur sem aðalmaður til setu í heilbrigðisnefnd og Bryndís Skúladóttir sem varamaður.

1 Fundargerð 170. starfsmannafundar frá 20. ágúst 2014

1.1 Starfsleyfi

Garðabær

1.1.1 Strandvegur 6, Garðabær - matvæladreifing

Lögð fram umsókn Axels Inga Jónssonar f.h. Omax ehf., kt. 471013-1100, dags. 22.7.2014, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar á matvælum. Um er að ræða lögheimili að Strandavegi 6, Garðabæ. Dreifing verður frá vöruhótel. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin valdi ekki óþægindum fyrir nágranna.

Hafnarfjörður

1.1.2 Drangahraun 1, Hafnarfjörður – málm­smiðja

Lögð fram umsókn Gunnars Péturssonar f.h. Vélsmiðjunnar Altaks ehf., kt. 591001 - 2990, dags. 25.07.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málm­smiðju að Drangahrauni 1, Hafnarfirði.

Húshluti: Allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.3 Flatahraun 21, Hafnarfjörður – bónstöð og verkstæði

Lögð fram umsókn Steinarr Lár f.h. KúKú Campers ehf., kt. 410212-1960, dags. 22.07.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar og verkstæðis í tengslum við rekstur bílaleigu að Flatahrauni 21, Hafnarfirði. Húshluti: 207 4784. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára þar sem úrbótum á fráveitu er ekki lokið.

1.1.4 Flatahraun 25, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Kristins Þórs Jóhannessonar f.h. Bílarafs ehf., kt. 590602 - 2720, dags.

21.07.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Flatahrauni 25, Hafnarfirði.

Húshluti: Allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.5 Furuvellir 44, Hafnarfjörður – heimagisting

Lögð fram umsókn Sigurbjargar M. Sigurðardóttur f.h. Simba guesthouse, kt. 120165-4379, dags. 15.08.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir heimagistingu að Furuvöllum 44, Hafnarfirði.

Húshluti: í einbýlishúsi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.6 Gjótuhraun 8, Hafnarfjörður – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Bjarneyjar B. Arnórsdóttur f.h. Via Health ehf., kt. 600314-0680, dags. 28.7.2014, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á sætuefnum að Gjótuhrauni 8, Hafnarfirði. Húshluti: 01-0101, 01-0102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeignareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.7 Helluhraun 16, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Kristjáns P. Kristjánssonar f.h. Lyf og heilsa hf., kt. 650299-2649, dags. 10.06.2014, þar sem sótt er um leyfi til matvörusölu í lyfjaverslun að Helluhrauni 16, Hafnarfirði. Húshluti: 2075378. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeignareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.8 Kaplahraun 10, Hafnarfjörður – bifreiðasprautun og réttingar

Lögð fram umsókn Guðmundar Arnar Jónssonar f.h. Bílaverks ehf., kt. 691293-3789, dags. 18.08.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðasprautu- og réttingaverkstæðis að Kaplahrauni 10, Hafnarfirði. Húshluti: 0101(04-05). Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.9 Koparhella 1, Hafnarfjörður – steypustöð

Lögð fram umsókn Hauks Guðmundssonar f.h. Steypustöðvarinnar Grábergs ehf., kt. 540611-0840, dags. 18.08.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs steypustöðvar að Koparhelli 1, Hafnarfirði. Húshluti: Lóð og öll mannvirki. Eigandaskipti.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 1 árs meðan unnið er að úrbótum.

1.1.10 Við Krísvíkurveg, Hafnarfjörður – niðurrif

Lögð fram umsókn Elíasar Ólafssonar f.h. Gámabjónustunnar hf., kt. 410283-0349, dags. 3.06.2014, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á skemmu við Krísvíkurveg landsnúmer 121495, Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er veiting starfsleyfi til 10.10.2014 staðfest.

1.1.11 Ljósatröð 2, Hafnarfjörður – veislusalur

Lögð fram umsókn Friðgeirs Magna Baldurssonar f.h. Hamars, frímúrarastúku, kt. 590169-2699, dags. 24.7.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veislusalars að Ljósutröð 2, Hafnarfirði. Húshluti: Öll fasteignin. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.12 Óseyrarbraut 9-11, Hafnarfjörður – fiskverkun

Lögð fram umsókn Magnúsar Gylfasonar f.h. Svalþúfu ehf., kt. 711095-2259, dags. 18.08.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs saltfisksvinnslu að Óseyrarbraut 9-11, Hafnarfirði. Húshluti: hluti af Óseyrarbraut 9 og Óseyrarbraut 11. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Jón Haukur Ingvason vék af fundi undir þessum lið.

Kópavogur

1.1.13 Auðbrekka 25-27, Kópavogur - verkstæði

Lögð fram umsókn Rúnars Þórs Jóhannssonar f.h. Tími ehf., kt. 470803-2580, dags. 25.07.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs þvotta- og viðhaldsaðstöðu fyrir hópferðabifreiðar að Auðbrekku 25-27, Kópavogi. Húshluti: Austasti hluta 1. hæðar af 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.14 Dalvegur 16A, Kópavogur - veitingastofa

Lögð fram umsókn Wilhelm Norðfjörð, f.h. Norðfjörð ehf., kt. 700305-0660 dags. 11.08.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Dalvegi 16A, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar, útblástur frá steikingu valdi ekki nágörnum í húsinu óþægindum og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.15 Hagasmári 1, Kópavogur - veitingastofa

Lögð fram umsókn Halldórs E. Sigurðssonar, f.h. Local ehf., kt. 540313-1990 dags. 28.07.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.16 Hagasmári 1, Kópavogur - snyrtistofa

Lögð fram umsókn Rannveigar Ásgeirsdóttur f.h. Mimla ehf., kt. 691013-0810, dags. 21.7.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Hagasmára 1, Kópavogi. Húshluti: U234. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.17 Hestheimar 14-16, Kópavogur - reiðskóli

Lögð fram umsókn Magnúsar Benediktssonar, f.h. Hestamannafélagsins Sprettur., kt. 590712-0940 dags. 26.06.2014, þar sem sótt er um viðbótar starfsemi við starfsleyfi útgefið dags. 2.06.2014 fyrir reiðskóla. Breyting á starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er breyting á starfsleyfi samþykkt.

1.1.18 Hlíðasmári 9, Kópavogur - snyrtistofa

Lögð fram umsókn Elnu Estherar Kristófersdóttur f.h. Dekurbarinn ehf., kt. 670405-1170, dags. 27.7.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Hlíðasmára 9, Kópavogi.

Húshluti: 010106. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.19 Hæðasmári 4, Kópavogur - sólbaðstofa

Lögð fram umsókn Gunnars Más Levissonar f.h. Sól Stúdíó ehf., kt. 560614-1360, dags. 6.08.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sólbaðsstofu að Hæðasmára 4, Kópavogi.

Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.20 Hæðasmári 6, Kópavogur - dreifing á fæðubótaefnum

Lögð fram umsókn Ólafar Bjargar Magnúsdóttur kt. 201173-3539, dags. 26.06.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir húsnæði til dreifingar á fæðubótaefnum og húsnæðis til kynningarstarfsemi í tengslum við þá starfsemi. Húshluti: 01-0002. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.21 Laufbrekka 18, Kópavogur - matvælavinnsla

Lögð fram umsókn Sigfríðar Þórisdóttur f.h. Pottagaldrar ehf., kt. 680202-2570, dags. 20.08.2014, þar sem sótt er um leyfi til kryddframleiðslu að Laufbrekku 18, Kópavogi. Húshluti: Dalbrekkumegin Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

1.1.22 Lækjasmári 114, Kópavogur - Leikskóli

Lögð fram umsókn Sigurlaugar Bjarnardóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169 - 3759 dags. 10.07.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla sem verður til húsa að Lækjarsmára 114 og Dalsmára 21. Húshluti: Tvö hús (01 0101). Endurnýjun

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.23 Skemmuvegur 4, Kópavogur - dreifing á matvælum

Lögð fram umsókn Andreu Rafnar f.h. Sanitas heildverslun ehf., kt. 411210-0650, dags. 29.7.2014, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar á matvælum frá Skemmuvegi 4, Kópavogi.

Húshluti: 206-4864. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeignareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.24 Skemmuvegur 26, Kópavogur - bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Viðars Friðfinnssonar f.h. X-men ehf., kt. 600312 - 0810, dags. 23.7.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Skemmuvegi 26, Kópavogi.

Húshluti: hluti af 01-010. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.25 Skemmuvegur 34, Kópavogur - trésmiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Elínar J. Elíasdóttur f.h. TJG ehf., kt. 701111-0280, dags. 23.7.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmiðaverkstæðis að Skemmuvegi 34, Kópavogi.

Húshluti: 01-0102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.26 Skemmuvegur 46, Kópavogur - dreifing á matvælum

Lögð fram umsókn Sigurðar Inga Eiríkssonar f.h. Fructus ehf., kt. 431012-1540, dags. 15.7.2014, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar á matvælum frá Skemmuvegi 46, Kópavogi.

Húshluti: 01-0001. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeignareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.27 Smáratorg 3, Kópavogur – veitingasala

Lögð fram umsókn Jóhannesar Stefánssonar f.h. Múlakaffi ehf., kt. 660772-0229, dags. 29.07.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomusali og veitingasölu að Smáratorgi 3, Kópavogi.

Húshluti: 20. hæð. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.28 Smáratorg 3, Kópavogur – veitingahús

Lögð fram umsókn Jóhannesar Stefánssonar f.h. T- veitinga ehf., kt. 560714-0680, dags. 29.07.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir veitingastað að Smáratorgi 3, Kópavogi.

Húshluti: 19. hæð. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.29 Smiðjuvegur 3, Kópavogur - sandblástur

Lögð fram umsókn Helgu M. Jóhannesdóttur f.h. Pólýhúðunar ehf., kt. 460409-1520, dags. 2.07.2014, þar sem sótt er um leyfi til sandblásturs í tengslum við pólýhúðunarverkstæði að Smiðjuvegi 3, Kópavogi. Húshluti: Gámur á lóð. Breyting á starfsemi.

Fyrir liggja bréf frá heilbrigðiseftirliti í kjölfar eftirlits og hávaðamælinga dags. 18.6.2014 og 16.7.2014.

Neikvætt svar liggur fyrir frá byggingafulltrúa dags. 6.08.2014 um starfsemi í gám á lóðinni.

Lagður fram tölvupóstur fyrirtækisins frá 13. ágúst 2014 þar sem óskað er eftir fresti til úrbóta.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Leyfi til sandblásturs í gám á lóðinni er hafnað.”

1.1.30 Víkurhvarf 5, Kópavogur - dreifing á matvælum

Lögð fram umsókn Svavars R. Ólafssonar f.h. NOKK ehf., kt. 490505-1480, dags. 11.7.2014, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar á matvælum frá Víkurhvarfi 5, Kópavogi. Húshluti: 01-01. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeignareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára

1.1.31 Ögurhvarf 8, Kópavogur - dreifing á matvælum

Lögð fram umsókn Ingibjargar Björnsdóttur f.h. T-mark ehf., kt. 440107-1840, dags. 5.08.2014, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar á matvælum frá Ögurhvarfi 8, Kópavogi.

Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.2 Umsagnir

Hafnarfjörður

1.2.1 Furuvellir 44, Hafnarfjörður – gisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 12.08.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigurbjargar M. Sigurðardóttur, kt. 120165-4379, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu samkvæmt flokki I að Furuvöllum 44, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 25.8.2014 starfsleyfi fyrir heimagistingu skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir heimagistingu”

1.2.2 Strandgata, Hafnarfjörður – bæjarhátíð, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 12.08.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Matbæjar ehf., kt. 691009-0250, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður þann 16.08.2014 – 17.08.2014 frá kl. 12.00 – 18.00 í miðbæ Hafnarfjarðar.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.3 Kaplakriki, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 12.08.2014.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Steins Arnars Kjartanssonar, kt. 230295-2129, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður þann 4.09.2014, frá kl. 21.30 – 01.00 í Íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn staðfest.

Kópavogur

1.2.4 Hagasmári 1, Kópavogur – veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 29.07.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Local ehf., kt. 540313-1990, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki II að Hagasmára 1, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 25.8.2014 starfsleyfi fyrir veitingastofu skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir veitingastofu.”

1.2.5 Hestheimar 14-16, Kópavogur – samkomustaður, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 25.08.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hestamannafélagsins Spretts, kt. 590712-0940, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin á föstudaginn 29. ágúst 2014 frá kl. 20:00 til 02:00 í veislusal HMF Spretts, að Hestheimum 14-16, Kópavogi.

Jákvæð umsögn samþykkt.

1.2.6 Kársnesbraut 96a, Kópavogur – veislubjónusta, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 6.03.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn K112 ehf., kt. 490910-1230, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veislubjónustu samkvæmt flokki I að Kársnesbraut 96a, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 2.06.2014 starfsleyfi fyrir veislubjónustu skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð

nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir veislubjónustu.”

1.2.7 Smáratorg 3, Kópavogur – veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 28.07.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn T-veitinga ehf., kt. 560714-0680, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veislubjónustu og veitingaverslunar samkvæmt flokki III að Smáratorgi 3, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 25.8.2014 starfsleyfi fyrir veitingahús skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir veitingahús.”

1.2.8 Smáratorg 3, Kópavogur – veislubjónusta, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 28.07.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Múlakaffi ehf., kt. 660772-0229, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veislubjónustu samkvæmt flokki III að Smáratorgi 3, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 25.8.2014 starfsleyfi fyrir samkomusali veislubjónustu skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir veislubjónustu.”

1.3 Tilkynningar

Kópavogur

1.3.1 Víkurhvarf 5, Kópavogur - Efni og hlutir sem koma í snertingu við matvæli

Fyrirtækið Nokk ehf., kt. 490505-1480 að Víkurhvarfi 5 tilkynnti um dreifingu efna og hluta sem snerta matvæli með erindi dags. 15.8.2014. Staðfest er móttaka á tilkynningar sbr. ákvæði 14 gr. laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum.

1.4 Annað

1.4.1 Berghella 1, Hafnarfjörður

Lagt fram erindi Elíasar Ólafssonar f.h. Gámaþjónustunnar hf., kt. 410283-0349 þar sem dregið er til baka fyrra erindi fyrirtækisins frá 16.12.2013 um breytingu á starfsleyfi fyrir starfsemi fyrirtækisins að Berghelli 1, Hafnarfirði.

1.4.2 Thorsplan, Hafnarfjörður

Continental Market LTD, SC396855 sækir um leyfi til að halda útimarkað á Thorsplani Hafnarfirði dagana 12-17. ágúst 2014.

Leyfisveiting staðfest.

1.4.3 Hálsatorg, Kópavogur

Continental Market LTD, SC396855 sækir um leyfi til að halda útimarkað á Hálsatorgi í Kópavogi dagana 2- 7. september 2014.

Leyfisveiting staðfest.

2 Áætlanagerð fyrir 2015

2.1 Heilbrigðisnefnd – fundaáætlun

Umræða var um áherslumál næstu mánuði og fundaáætlun nefndarinnar. Reglulegir fundir verða síðasta mánudag í mánuði og næstu fundir því 29. september, 27. október og 24. nóvember 2014. Stefnt verður að vettvangsskoðun vegna vatnsverndar og loftgæðavöktunar fljótlega.

2.2 Framkvæmd eftirlits og áherslur

Lagt fram og rætt skipurit heilbrigðiseftirlitins og áherslubreytingar í eftirliti. Samþykktar voru starfslýsingar fyrir sérfræðing í matvælaeftirliti og sérfræðing í umhverfiseftirliti. Jafnframt ákveðið að vinna starfslýsingu fyrir starf sérfræðings í hollustuháttaeftirliti.

2.3 Umhverfissvöktun

Vöktun merkir kerfisbundna og síendurtekna skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu. Til umræðu voru skyldur heilbrigðisnefndar og hlutverk sveitarstjórna við umhverfissvöktun í sínu nær umhverfi. Reglubundnar örverumælingar í ám og vötnum og við stendur fara fram samkvæmt áætlunum. Niðurstöður eru birtar jafnóðum á vef heilbrigðiseftirlitsins <http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Umhverfi.htm>. Einnig fer töluvert umfangsmikil loftgæðavöktun fram á vegum nefndarinnar.

2.3.1 Yfirborðsvatn - Vöktun vegna útivistar og verndar náttúrulegra gæða

Umhverfi lækja og vatna hefur útivistargildi og því mikilvægt að grípa til aðgerða ef náttúrulegt ástand er að breytast til verri vegar. Jafnframt er nokkur hættu á að lækir og ár sem renna um þéttbýli mengist og sama gildir um vötn og tjarnir í og við byggð. Mengandi efni geta borist í yfirborðsvatn en ekki er síður hættu á mengun vegna laskaðra fráveitna eða rangtenginga. Í verstu tilvikum er slík mengun sýnileg og til ama en í öðrum tilvikum er hún ill sjáanleg en getur verið skaðleg. Mat heilbrigðisnefndar er að ástand er enn víða óviðunandi og halda verið áfram verkefnum við að finna og lagfæra rangtengingar. Niðurstöður mælinga gefa ekki ástæðu til að draga úr skipulegri vöktun. Mat heilbrigðisnefndar er að halda beri áfram reglubundinni vöktun yfirborðsvatns með sambærilegum hætti og verið hefur og auka vöktunarmælingar á nokkrum stöðum þar sem álag er að aukast.

2.3.2 Sjór og stendur

Stendur og umhverfi þeirra hafa útivistargildi og því mikilvægt að grípa til aðgerða ef náttúrulegt ástand er að breytast til verri vegar. Umhverfissvöktun með strandsjó hefur það einnig að markmiði að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum skólps. Skólpi frá Garðabæ og Kópavogi er veitt inn í skólperki Reykjavíkur. Hafnarfjarðarbær rekur skólphreinsistöð við Hraunavík. Niðurstöður reglubundinna örverumælinga eru birtar jafnóðum á vef heilbrigðiseftirlits. http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Innihald_heimasida/Umhverfi/Strendur/Strendur.htm Mat heilbrigðisnefndar er að niðurstöður örverumælinga benda til lítilar mengunar og að fjörurnar séu hæfar til útivistar. Rétt sé að halda lítið breyttum vöktunaráætlunum áfram.

2.4 Vatnsverndarsvæði og neysluvatni

Eftirlit með vatnsverndarsvæðum á að tryggja á öryggi neysluvatns til framtíðar. Reglulega eru gerðar mælingar á gæðum neysluvatns og eru niðurstöður birtar á vef heilbrigðiseftirlitsins <http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Neysluvatn.htm>

2.4.1 Loftgæði

Í því skyni að vinna gegn loftmengun og skaða af hennar völdum og til að hafa eftirlit með framvindu og bættum loftgæðum ber heilbrigðisnefnd að afla upplýsinga, meta loftgæði, setja upp og reka mælistöðvar, og tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengilegar almenningi. Með núverandi vöktun er aflað grunnupplýsinga í þessum tilgangi og einnig til að nýta við skipulagsvinnu og gerð aðgerðaráætlana til úrbóta. Í ljósi vaxandi iðnaðar í Hafnarfirði er ástæða er til að auka þar mælingar í umhverfinu. Heilbrigðisnefnd leggur til að loftgæðamælingar verði haldið þar áfram og auknar.

2.5 Matvælaeftirlit

Í matvælalögum kemur fram skylda sveitarfélaga að sinna matvælaeftirliti. Kröfur til eftirlits hafa aukist undanfarin misseri við breytingar á regluverki. Ákveðið hefur verið til að styrkja matvælaeftirlitið með því að gerast aðili að gagnagrunnskerfi Matvælastofnunar. Innleiðing á þeirri vinnu hefst á haustmánuðum. Jafnframt því er unnið að nýju áhættumati og eftirlitshandbók. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða í matvæla fyrirtæki er um 700 heimsóknir á ári og ráðgert er að þeim fjölgi.

2.5.1 Eftirlit með tóbakssölu

Tóbakssala fer yfirleitt fram í verslunum sem selja matvæli og í veitingahúsum. Ein sérverslun er með tóbak. Sölustaðir eru um 50 talsins. Farið er í reglubundið eftirlit vegna sölu tóbaks hjá smásölum og birtar stöðumatsskýrslur um tvisvar á ári. Heilbrigðisnefnd telur rétt að halda þessu eftirliti áfram á svipaðan hátt.

2.5.2 Eftirlit með gæludýrahaldi

Lagðar fram upplýsingar um fjölda hunda og nýskráningar það sem af er árinu. Skráðir hundar í umdæminu eru nú um 2330. Dreigið hefur úr skráningum hunda og á sér nú stað smá fækkun þeirra. Deilumálum sem tengjast hundahaldi í fjöleignahúsum fjölga þó í kjölfar breytinga á fjöleignahúsalögum og afgreiðsla skráninga krefst meira vinnuframlags. Tvær stjórnsýslukærur eru hjá úrskurðarnefnd vegna ágreinings við embættið um skráningu.

Reiknað er með að verkum tengdu kattarhaldi fjölgi. Sveitarfélögin hafa sett samþykktir um kattahald en eiga eftir að fylgja stefnumörkun sinni eftir og veita fjármunum til þess að handsama ketti sem kvartað er yfir. Samningur var gerður f.h. sveitarfélaganna við Kattavinafélag Íslands á árinu 2013 vegna geymslu óskilakatta.

3 Vatnsvernd

3.1 Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 20. ágúst 2014 lögð fram.

3.2 Tillögur að mörkum vatnsverndarsvæða og endurskoðuð heilbrigðissamþykkt

Lagt fram erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 7. júlí 2014 varðandi tillögur stýrihóps um endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.

Heilbrigðisnefnd mælir með að tillaga að afmörkun vatnsverndar og samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu verði auglýst.

4 Aukin vinnslugeta og vatnsvinnsla í Vatnsendakrikum

4.1 Aukin vatnsvinnsla Vatnsveitu Kópavogs í Vatnsendakrikum

Lagt fram til kynningar erindi Skipulagsstofnunar frá 30. júní 2014 þar sem óskað var umsagnar með vísun til laga um mat á umhverfisáhrifum um tilkynningu Mannvits hf. um aukna vatnsvinnslu Vatnsveitu Kópavogs í Vatnsendakrikum.

Lagt fram afrit af umsögn heilbrigðiseftirlitsins frá 15. júlí s.l. vegna erindisins.

4.2 Aukin vinnslugeta og vatnsvinnsla OR í Vatnsendakrikum

Lagt fram til kynningar erindi Skipulagsstofnunar frá 30. júní 2014 þar sem óskað er umsagnar með vísun til laga um mat á umhverfisáhrifum um tilkynningu Orkuveitu Reykjavíkur aukna vinnslugetu og vatnsvinnslu fyrirtækisins í Vatnsendakrikum.

Lagt fram afrit af umsögn heilbrigðiseftirlitsins frá 15. júlí s.l. vegna erindisins.

5 Skipulagsmál

Lagt fram erindi skipulagsstjóra Garðabæjar frá 10. júlí 2014 þar sem óskað er umsagnar um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulags 2. áfanga norður hluta Urriðaholts.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd telur að hollustu og mengunarsjónarmiðum hafi verið fullnægt við gerð deiliskipulagsins. Minnt er á að gæta varkárni við lagningu fráveitu yfir jarðsprungur. Einnig að vakta þurfi og gæta að viðhaldi þess náttúrulega ofanvatnskerfis sem hverfið og Urriðavatni er ætlað að njóta til að tryggja að langtíma markmið náist um að varðveita vatnið sem ósnotið vatn eða að minnsta kosti sem lítið snortið vatn.“

6 Önnur mál Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30
Fjöltnir Sæmundsson
Hörður Svavarsson
Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson
Jón Haukur Ingvason
Svava H. Guðmundsdóttir